



Öryggisflokkun gagna

(e. data security classification)

Þjónustu- og nýsköpunarsvið 2022



Skilgreinum gögn

- Gögn eru sett mælanlegra gilda fyrir hugtak, tölur, strengi, dagsetningar, myndir o.s.frv.
- Gagn er minnsta eining upplýsinga sem hægt er að nota í umræðum, útreikningum og sem inntak í greiningu
- Gagn í sinni einföldustu mynd er ekki viðkvæmt
- Gögn verða ekki viðkvæm fyrr en hægt er að setja þau í samhengi þar sem úr verða viðkvæmar upplýsingar



Uppbygging gagna

- **Strúktúruð gögn**

- Gögn þar sem til er lýsing/skema sem segir til um hvaða eigindi hvert tilvik/röð þeirra getur innihaldið ásamt ítarupplýsingum um gagnategund, tilvistarkröfur, vensl við önnur gögn (e: foreign keys) o.s.frv.
- Notkun strúktúraðra gagna er mikið einfaldari en notkun óstrúkúrdara gagna en kostnaðurinn við tilurð þeirra er líka mun hærri þar sem það þarf að skilgreina þau og varpa.
- Við borgum m.ö.o. hátt verð fyrir að byggja gögnin upp en lágt fyrir að nota þau.
- Þetta á við alla notkun á gögnunum, skýrslugerð, í færslukerfum, módelum, mælaborðum o.s.frv.

- **Óstrúktúruð gögn**

- Gögn hverra uppbygging er óskilgreind og tilvik/stök geta innihaldið mismunandi eigindi. Fjöldi þeirra getur verið mismunandi, innihald sama eigindis getur verið af mismunandi týpum o.s.frv.
- Það er einfaldlega engin trygging fyrir nokkrum hlut í uppbyggingu gagnanna.
- Tilurð óstrúktúraðra gagna en mun ódýrari en strúktúraðra, við þurfum ekki að módelu þau, en notkunin mun dýrari þar sem við þurfum að módelu þau við notkun.
- Við borgum m.ö.o. mjög lágt verð fyrir að skrifa gögnin en hátt fyrir að nota þau, öll hreinsun og vörpun fer fram við notkun.



Tilmæli ríkisins frá október 2022.

- Öryggisflokkun gagna þarf að vera aðgengileg og einföld í notkun
 - Allir noti sömu grunnflokkun til að tryggja hámarksnýtingu og vernd gagna sem og einfalda og staðla samskipti
 - Gildir um öll gögn ríkisins óháð formi gagnanna
- Gengið er út frá að gögn skuli vera opin og aðgengileg öllum nema
 - ef hagsmunir stjórnvalda, lögaðila, einstaklinga, almennings eða alþjóðasamstarf krefjist annars
- Ákvarðanir um öryggi og hagnýtingu gagnga séu teknar á meðvitaðan hátt út frá virði gagnanna



4 öryggisflokkar gagna

1. Opin gögn

Opin gögn eiga að vera tiltæk án umsókna eða beiðna og eru aðgengileg óháð tíma

2. Varin gögn

Gögn sem eru hluti af daglegum rekstri ríkisaðila en teljast ekki sem “opin gögn”

3. Sérvarin gögn

Gögn sem geta valdið varanlegu og víðtæku tjóni fyrir hópa einstaklinga, lög- eða ríkisaðila

4. Afmörkuð gögn

Gögn sem eru viðkvæm fyrir samfélagið í heild eða stöðu þjóðar á alþjóðavettvangi

Ríkisaðilum er leiðbeint að styðjast við fjóra flokka gagna og nýta í sinni starfsemi. Horft er til þess að flokkunin verði skyldubundin þegar reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga verða settar.



Áhrif flokkunar á notkun skýjaþjónusta

1. Opin gögn

Staðsetning vistunar: Hjá hæfum aðila innan EES sem uppfyllir öryggiskröfur
Öryggisúrræði: Tryggja réttileika og tiltækileika.

2. Varin gögn

Staðsetning vistunar: Sama og nr 1.
Öryggisúrræði: Dulritun í flutningi yfir óörugg net og varið í geymslu fyrir óviðkomandi aðgangi. Auðkenning hvers notenda og allra aðgerða. Atburðaskráning uppflettinga og aðgangstilrauna.

3. Sérvarin gögn

Staðsetning vistunar: Sama og nr 1.
Öryggisúrræði: Dulritun í notkun, flutningi og geymslu. Margþátta auðkenning, atburðaskráning uppflettinga og aðgangstilrauna. Sérhönnuð upplýsingakerfi byggð á sértækum öryggis- og virknikröfum út frá virði gagnanna.


4. Afmörkuð gögn

Staðsetning vistunar: Á sértækum og aðskildum upplýsingakerfum í eigu viðkomandi ríkisaðila.
Öryggisúrræði: Allt ofangreint auk aðskilnaðar frá öðrum kerfum.



Nálgun Reykjavíkurborgar

- Markmið borgarinnar er að auka og einfalda aðgengi notenda að opnum gögnum borgarinnar
 - Gengið verður út frá að öll gögn séu opin, nema lagalegar forsendur eða persónuverndarsjónarmið krefjist annars
- Reykjavíkurborg telur mikilvægt að fylgja stefnu ríkisins varðandi öryggisflokkun gagna
 - Þó verður eilítt áherslumunur á nálgun varðandi hvernig flokkun gagna fer fram





Nálgun Reykjavíkurborgar með blæbrigðum

- **Öryggisúrræði gagna á ekki að snúast um virði, heldur hve viðkvæm gögn er að ræða**
 - T.d. er mjög mikið virði í Þjóðskrá fyrir alla rekstraraðila á landinu en gögnin eru ekki mjög viðkvæm
 - Ef við skoðum svo heilsufarsgögn einstaklinga eru þau mjög viðkvæm en ekki endilega með mikið virði fyrir samfélagið
- **Réttleiki gagna ætti ekki að hafa nein áhrif á öryggisflokkun**
 - Það hvort heilsufarsgögn eru sæmileg eða frábært ætti ekki að breyta neinu hvað varðar kröfur um öryggi og aðgengi
- **Gögn skulu vera opin og aðgengileg öllum**
 - Nema lögvarðir hagsmunir einstaklinga og lögaðila takmarki aðgengi að upplýsingum
 - Hagsmunir stjórnvalda ættu ekki að takmarka aðgengi að gögnum



Reykjavík